

**264. fundur skipulags- og umhverfisnefndar Fjallabyggðar
haldinn Ólafsvegi 4, Ólafsfirði
3. febrúar 2021 og hófst hann kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Hjördís Hanna Hjörleifsdóttir, varaformaður, D lista,
Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir, aðalmaður, D lista,
Helgi Jóhannsson, aðalmaður, H lista,
Nanna Árnadóttir, formaður I lista,
Ægir Bergsson, aðalmaður, I lista,
Ármann Viðar Sigurðsson, deildarstjóri tæknideildar,
Helga Íris Ingólfssdóttir, Skipulags- og tæknifulltrúi.

Fundargerð ritaði: Helga Íris Ingólfssdóttir, skipulags- og tæknifulltrúi.

Fyrir var tekið:

1. Endurskoðun Aðalskipulags Fjallabyggðar 2008-2028 - 1408028

Drög vegna endurskoðunar Aðalskipulags Fjallabyggðar voru kynnt íbúum og aðliggjandi sveitarfélögum með rafrænum hætti og með útgáfu kynningarbæklings sem var dreift á öll heimili í sveitarfélaginu ásamt því að vera birt á heimasíðu Fjallabyggðar. Óskað var eftir ábendingum eða athugasemdum á tímabilinu 21. október til 20. nóvember 2020. Teknar voru saman ábendingar sem bárust og fjallað um á fundinum.

Niðurstaða

Nefndin samþykkir ábendingar nr. 1 og 4 sem lagðar eru til í minnisblaði skipulagsráðgjafa og leggur til að leið E verði valin við ábendingu 2. Varðandi ábendingu 3 leggur nefndin til að göngustígur fyrir enda Ólafsfjarðarvatns að sunnanverðu verði færður til móts við Kálfsá. Nefndin leggur til við bæjarstjórn að tillaga aðalskipulags Fjallabyggðar 2020-2032 verði auglýst í samræmi við 31.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að undangenginni yfirferð Skipulagsstofnunar.

2. Breyting á deiliskipulagi vegna framkvæmda við Skarðsveg - 2101059

Vegna umsóknar Vegagerðarinnar þann 11. september 2020 um breytingar á framkvæmdum við Skarðsveg, þarf að gera breytingu á deiliskipulagi útivistarsvæðis í Hóls- og Skarðsdal og gera þar ráð fyrir námu til að vinna efni sem notað verður í fyllingu fyrir veg og bílastæði. Einnig verður gerð breyting á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032 sem verður auglýst samhliða deiliskipulagsbreytingunni. Lagður fram breytingaruppdráttur sem unninn var á tæknideild, dags.20.01.2021.

Niðurstaða

Nefndin leggur til við bæjarstjórn að breytingartillagan verði auglýst í samræmi við 2.mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3. Göngustígur við Ólafsfjarðarvatn - 1806074

Lögð fram tillaga að breyttum lóðarmörkum við Hornbrekku 19 í Ólafsfirði.

Niðurstaða

Nefndin samþykkir tillögu að breyttum lóðamörkum fyrir Hornbrekku 19 en áréttar að Skíðafélag Ólafsfjarðar (SÓ) er með gönguskíðabraut sem liggur inni á lóðinni samkvæmt deiliskipulagi. Nefndin leggur til að í lóðarleigusamningi verði sett kvöð á um fullt og ótakmarkað aðgengi SO að skíðagöngubrautinni.

4. Orkusjóður auglýsir styrki til orkuskipta 2020 - 2010035

Á 681.fundi bæjarráðs var lagt fram vinnuskjal deildarstjóra tæknideildar varðandi mögulegar staðsetningar á hleðslustöðvum og áætluðum kostnaði við uppsetningu. Bæjarráð samþykkti að vísa málinu til umsagnar næsta fundar skipulags- og umhverfisnefndar.

Niðurstaða

Samþykkt samhljóða.

5. Lóð skilað inn - Pálsbergsgata 1a - 1710085

Lagður fram tölvupóstur frá Magnúsi Þorgeirssyni dags. 17.janúar 2021 þar sem hann skilar inn lóð sem hann hafði fengið úthlutað við Pálsbergsgötu 1a, Ólafsfirði. Einnig lögð fram drög að samkomulagi um skil á lóð.

Niðurstaða

Nefndin samþykkir skil á lóðinni að Pálsbergsgötu 1a.

6. Umsókn um lóð-Skógarstígur 12 - 2101019

Lögð fram umsókn dagsett 6. janúar 2021 þar sem Edda Hafsteinsdóttir sækir um frístundalóðina Skógarstíg 12, Siglufirði.

Niðurstaða

Erindi samþykkt.

7. Umsókn um lóð að Bakkabyggð 2 - 2101025

Lögð fram umsókn dagsett 8. janúar 2021 þar sem Ester Harpa Vignisdóttir og Björn Sigurðsson sækja um lóðina Bakkabyggð 2, Ólafsfirði.

Niðurstaða

Erindi samþykkt.

8. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi - 2101095

Lögð fram umsókn dagsett 27. janúar 2021, um endurnýjun lóðarleigusamnings fyrir Háveg 28. Einnig lögð fram drög að breyttum lóðarmörkum.

Niðurstaða

Erindi samþykkt.

9. Ósk um leyfi til að fjarlægja rústir skíðaskálans í Skarðsdal - 2102003

Lagt fram erindi Valtýs Sigurðssonar f.h. Leyningsáss ses., dagsett 29. janúar 2021 þar sem óskað er eftir leyfi Fjallabyggðar til að fjarlægja rústir skíðaskálans í Skarðsdal sem varð fyrir snjóflóði þann 20. janúar sl.

Niðurstaða

Erindi samþykkt.

10. Erindi vegna umferðaröryggis við gatnamót Hólavegar og Hlíðarvegs - 2101063

Lagt fram erindi Ingibjargar Guðlaugar Jónsdóttur dagsett 25. janúar 2021 þar sem lýst er yfir áhyggjum af umferðaröryggi við syðri gatnamót Hlíðarvegar og Hólavegar. Þar er blint horn, vegurinn upp á Hólaveg er þröngur og engin gangstétt er fyrir gangandi vegfarendur.

Niðurstaða

Nefndin felur tæknideild að vinna að bættu umferðaröryggi á umræddum gatnamótum.

11. Umferðaröryggi við leikskóla Fjallabyggðar - 2102007

Tekin umræða um hraðaminnkandi aðgerðir við leikskóla Fjallabyggðar við Hvanneyrarbraut á Siglufirði og Ólafsveg í Ólafsfirði.

Niðurstaða

Nefndin felur tæknideild að útfæra og framkvæma hraðatakmarkandi aðgerðir við leikskóla Fjallabyggðar.

12. Beitarhólf á Siglufirði - 2101070

Umræða tekin í nefndinni um beitarhólf á Siglufirði.

13. Drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 - í Samráðsgátt. - 2101040

Lögð fram til kynningar drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs 2021-2032. Hægt er að senda inn athugasemdir við drögin í Samráðsgátt til 23. febrúar nk. undir samradsgatt.island.is.

Niðurstaða

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30.